

Fjölbreytt og fróðleg dagskrá á Hjúkrun 2017

Aðalbjörg Finnbogadóttir

Ráðstefnan Hjúkrun 2017, Fram í sviðsljósið, var haldin á Hilton Reykjavík Nordica dagana 28.–29. september síðastliðinn. Ráðstefnan var samstarfsverkefni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræðideilda Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.



Við athöfnina var úthlutað styrk úr rannsóknarsjóði Ingibjargar en hann hlaut Hafðís Skúladóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri.

Áhugi á ráðstefnunni var mikill og skráðu sig til þátttöku rúmlega 230 hjúkrunarfræðingar. Dagskráin var mjög fjölbreytt en boðið var upp á rúmlega 50 fyrirlestra, 14 vinnusmiðjur og kynnt voru 36 veggspjöld. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á vinnusmiðjur. Voru þær mjög vinsælar og var upppantað í flestar þeirra. Framsöguerindin og veggspjöldin endurspegluðu vel fjölbreytt fagsvið hjúkrunar og sýndu niðurstöður rannsókna, sem kynntar voru, mikla grósku í þróun hjúkrunar á öllum sviðum. Á ráðstefnunni kynntu fyrirtæki vörur sínar og mátti þar finna ýmsar nýjungar sem hjúkrunarfræðingarnir kunnu vel að meta.

Gestafyrirlesari ráðstefnunnar var dr. Tiny Jaarsma, prófessor í hjúkrun við Háskólann í Linköping í Svíþjóð. Hún, ásamt kollegum frá Bandaríkjunum og Svíþjóð, hefur m.a. sett fram kenningu um sjálfsümönnun meðal langveikra sjúklinga og útbúið kvarðann „The European Heart Failure Self-care Behavior Scale“ sem hefur verið þýddur á 21 tungumál. Dr. Tiny hélt fyrirlestur við setningu ráðstefnunnar auk þess sem hún stýrði vinnusmiðju sem hún kallaði „Sjálfsümönnun og langvarandi veikindi: Hvernig er unnið með sjálfsümönnun í daglegum störfum.“ Í fyrirlestrinum kynnti hún hvernig nota má nýjustu tækni og tækniþróunina til að auka sjálfsümönnun sjúklinga og á hvern hátt megi takast á við þau vandamál sem því fylgja.

Brautryðjendastarf Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Í tengslum við ráðstefnuna var dagskrá til heiðurs Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, heiðursfélaga í Fíh. Þar var henni þakkað framlag hennar og brautryðjendastörf að hjúkrunarmálum hér á landi. Má þar nefna framlag hennar til breytinga á hjúkrunarnáminu, breytingar á lögum um ábyrgð hjúkrunarfræðinga á starfi og að koma yfirstjórn hjúkrunar í hendur hjúkrunarfræðinga sjálfra, aukinn veg hjúkrunar í heilbrigðisþjónustunni og kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga. Að lokum var úthlutað styrk úr rannsóknarsjóði hennar en hann hlaut að þessu sinni Hafðís Skúladóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri.

Við slit ráðstefnunnar hélt Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent við HÍ og rithöfundur, tölu sem hún kallaði „Þroskaðri, sterkari og glaðari með hverju árinu“. Góður rómur var gerður að ráðstefnunni og fóru þátttakendur þaðan glaðari og fróðari en þegar þeir komu. Á næstu síðum er fjallað um efni nokkurra erinda og vinnusmiðja á ráðstefnunni.